



Félag heyrnarlausra leitar stuðnings og samstarfs varðandi Norræna menningahátíð heyrnarlausra árið 2026 á Íslandi.

Félag heyrnarlausra á Íslandi mun skv Norrænu samkomulagi DNR(Dövas nordisk råd) halda hérlandis Norrænt mót fyrir döff eldri borgara árið 2025 og Norræna menningarhátíð döff árið 2026. Búist er við alls 500 manns samtals á þessar tvær hátíðir sem verða haldnar í Hveragerði 2025 og Selfossi 2026. Þema stærri hátíðarinnar 2026 er menning, náttúra og fræðsla og er áætlað allt að 400 manns sækja hana sem verður vikuna fyrir verslunarmannahelgina 2026. Þar sem slíkur viðburður er stór og mikill, og margir þurfa að leiða saman hesta sína í að gera slíka hátíð sem skilvirkasta og besta, leitum við hjá Félagi heyrnarlausra samstarfs með góðum fyrirtækjum í að gera slíka hátíð mögulega. Gerð verður heimasíða sem birta þarf og auglýsa stað og stund og skal hún tilbúin snemma á nýju ári 2024 og kynningarefni um og yfir hátíðina verður kynnt auk okkar stuðningsaðila að verkefninu. Við munum að sjálfsgöðu kynna verkefnið eftir því sem því framvindur og tekur á sig mynd. Þetta er stór og mikill viðburður og til að gera heyrnarlausu fólki allsstaðar af Norðurlöndunum mögulegt til að heimsækja Ísland þarf að stilla verði í hóf. Til að vel megi vera förum við snemma af stað til að sjá hversu vel við getum komist frá þessu verkefni til að vel megi vera og fara.

Óskum við því eftir samstarfi við fyrirtæki yðar en áætlaður kostnaðarhlutur Félags heyrnarlausra við viðburðina er um 40.000 krónur á mann eða um 20 milljónir króna.

Styrktar- og stuðningsaðilar Norrænnar menningarhátíðar á Íslandi 2026

Við leitum til 4-6 fyrirtækja/félaga/stofnana sem helsta stuðningsaðila með styrktarupphæð upp á 1,5 milljónir króna.

Í styrknum felst að logo fyrirtækjanna koma fyrir á heimasíðu hátíðarinnar, fánaborg á mótinu sjálfu auk logo á öllum búningum starfsmanna og sjálfboðaliða sem starfa við mótinu, heilsíðuauglýsingar í útgefnu kynningarefni og alls prentefnis sem unnið verður í tengslum við mótið sem og heilsíðuauglýsing í Döffblaðinu sem gefið verður út veturinn 2026/7.

Aðrir styrktaraðilar:

Félag heyrnarlausra þiggur að sjálfsögðu allan stuðning við mótið og geta fyrirtæki stutt við verkefnið með kaup á logoum í tveimur stærðum sem birtast á styrktaraðilasíðu á heimasíðu mótsins auk logobirtingar í öllu prentefni sem gefið er út í tengslum við hátíðina auk logoa í Döffblaðinu sem gefið er út veturinn 2026/7.

Smærra logo(3x6cm) kr. 50-100.000

Stærra logo(6x6cm) kr.150.000+

Við minnum á að styrkir við félagsamtök undir Almannaheill eru frádráttabærir frá skatti.

Með von um jákvæðar undirtektir og frábært menningarmót heyrnarlausra á Íslandi 2026.

Virðingarfyllt / With regards

Þróstur Friðþjófsson



Félag heyrnarlausra • Þverholti 14 • 105 Reykjavík • Iceland
Íslenskt táknmál þú hefur það í hendi þér

Sími: 561-3560 - GSM: 660 4566